

Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH

Útgáfa 2019

Kafli 6

Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta



Efnisyfirlit

6	Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta	3
6.1	Ákvörðun um Landsmót	3
6.2	Hlutverk stjórnar LH	3
6.3	Tímasetning Landsmóta	3
6.4	Keppnisgreinar Landsmóts	3
6.5	Val hrossa og keppenda á Landsmót	3
6.6	Ráðstöfun hugsanlegs hagnaðar Landsmóts	4
6.7	Flutningsstyrkir	4
6.8	Um reglur um Landsmót	4

6 Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta

6.1 Ákvörðun um Landsmót

Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir samningur um eftirgjald (leigu) fyrir mótsvæðið.

6.2 Hlutverk stjórnar LH

Stjórn LH skal hafa forgöngu og tilsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótsvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmyndar aðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.

6.3 Tímasetning Landsmóta

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og BÍ í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímánaðar.

6.4 Keppnisgreinar Landsmóts

Á Landsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstöltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót¹

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Séu hestar jafnir gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða þannig, skal kastað upp á það.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skula auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara, sjá 2.8.1. ekki er heimilt tað skrá hross í úrtöku fyrir Landsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða. Það sama á við um keppendur í barna, unglinga og ungmennaflokki, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

¹ Breytt á landsþingi LH 2018

Haldi félag ekki úrtöku sjálft en félagar þess hafa áhuga á að komast á Landsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félugum, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

6.6 Ráðstöfun hugsanlegs hagnaðar Landsmóts

Ef hagnaður verður af rekstri Landsmóta skal greiða 5% hagnaðar í áningahólfasjóð LH. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram eftir reglum sem stjórn LH setur.

6.7 Flutningsstyrkir

Flutningsstyrkir sýningar- og keppnishrossa ef greiddir verða skulu ákveðnir af rekstraraðila í samráði við LH.

6.8 Um reglur um Landsmót

Reglum þessum má breyta á landsþingi LH með venjulegum undirbúningi.

Samþykkt á 53. ársþingi LH 2002.